

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 7. gr., hjá hverjum framteljanda. Við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2006 vegna vaxtagjalda og tekna á árinu 2005 og eigna og skulda í lok þess árs, geta vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta ekki orðið hærri en 5% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok ársins 2005. Við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda og tekna á árinu 2004 og eigna og skulda í lok þess árs, geta vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta ekki orðið hærri en 5,5% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok ársins 2004.
- b. Í stað "480.371", "630.626" og "780.878" í 2. mgr. kemur: 494.782, 649.544, og 804.304.

2. gr.

Í stað "3.613.148", "5.781.037", "5.989.414" og "9.583.062" í 10. gr. kemur: 3.721.542, 5.954.467, 6.169.097 og 9.870.555.

3. gr.

Í stað "164.603", "211.691", "272.206" og "600" í 11. gr. kemur: 169.541, 218.042, 280.372, og 618.

4. gr.

Í stað "120.093", "157.657", "195.220", "41.151", "52.923" og "68.052" í 15. gr. kemur: 123.696, 162.386, 201.076, 42.385, 54.511 og 70.093.

5. gr.

Í stað "600" í 2. mgr. 17. gr. kemur: 618.

6. gr.

Við reglugerðina bætist eitt nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
Vaxtabætur við álagningu á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004 skulu nema 95% af fjárhæð vaxtabóta reiknaðra samkvæmt 10. og 11. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í B-lið 68. gr. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 7. janúar 2005.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.